



Íþróttamiðstöðin Borg



Vetraropnun:

20. ágúst 2018 - 1. júní 2019

Mánudaga - Fimmtudaga	kl. 14 - 22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga - Sunnudaga	kl. 10 - 18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

 480-5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

ÍBÚAFUNDUR

*Íbúafundur verður haldinn í
Félagsheimilinu Borg
mánudaginn 8. október kl. 19.30*

Dagskrá:

Skipulag Borgarsvæðisins





FUNDARGERÐ.

439. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 5. september 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða við útsenda dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

- Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.
- Frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun.
- Áhersluatriði í stefnumörkun fyrir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 22. ágúst 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 22. ágúst 2018 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

- Fundargerð 161. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 22. ágúst 2018.

Mál nr. 7, 8 og 9 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.



Verzlunin BORG

Vetraropnun frá 1. september 2018.

- Mánud., þriðjud., fimmtud.: 11– 19
- Miðvikudaga: 12 –19
- Föstud., og laugard.: 10 - 20
- Sunnudagar: 11 - 18

Verið velkomin heitt á könnunni

 486-4408



ÁRTANGI

Ferskar kryddjurtir í úrvali

Opið virka daga frá kl. 8 - 16



669-0108

694-8405



Tökum að okkur STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Trjáskurlun
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi

Lögð fram 161. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 22. ágúst 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 7: 1804009 - Steingrímsstöð lnr 170935: Sogið: Deiliskipulag.

Fyrir liggur að lokinni kynningu á lýsingu skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, deiliskipulagstillaga virkjunar í Soginu, Steingrímsstöð. Deiliskipulagið snýst í meginþáttum um að staðfesta núverandi landnotkun og afmarka vatnsverndarsvæði Þingvallavatns. Gert er ráð fyrir íbúðarsvæði fyrir núverandi íbúðir við Steingrímsstöð. Iðnaðarsvæði verður minnkað að austanverðu og þeim hluta breytt í opið svæði. Iðnaðarsvæði mun ná yfir stíflu í Þingvallavatni og aðrennslisgöng stöðvarinnar. Umsögn Skipulagsstofnunar dags. 20. júní 2018 liggur fyrir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að tillagan verði kynnt skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 8: 1804008 - Írafoss- og Ljósafossvirkjanir lnr 168922 og 168926: Sogið: Deiliskipulag.

Fyrir liggur að lokinni kynningu á lýsingu skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, deiliskipulagstillaga virkjunar í Soginu, Írafoss- og Ljósafossvirkjanir. Deiliskipulagið snýst í meginþáttum um að staðfesta núverandi landnotkun og afmarka vatnsverndarsvæði Þingvallavatns. Breyta þarf afmörkun iðnaðarsvæðis og íbúðarsvæðis við Ljósafoss. Breytingar sem eru áformaðar við Írafoss eru að byggt verði tengivirkishús, tekin niður háspennulína og fjarlægð gömul hús. Þá verða tengingar af Þingvallavegi endurskoðaðar. Umsögn Skipulagsstofnunar dags. 20. júní 2018 liggur fyrir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að tillagan verði kynnt skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 9: 1805016 - Göltur lnr 168244: Stofnun nýrrar lóðar: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga að breytingu á deiliskipulagi syðst í landi Galtar, L168244. Um er að ræða afmörkun nýrrar lóðar undir frístundabyggð sem er 3,9 ha að

stærð. Deiliskipulagið miðast við að heimilt verði að byggja á nýrri lóð allt að 300m² frístundarhús, 60 m² gestahús, 100 m² bílskúr og 180 m² bátaskýli.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að deiliskipulagsbreytingin verði send skipulagsstofnun, þar sem engar athugasemdir hafa borist.

- b) **Fundargerð 1. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 24. ágúst 2018.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- c) **Fundargerð 1. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 28. ágúst 2018.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

Fyrir liggur umsókn starfsmanns Kerhólsskóla um styrk til að stunda nám í kennarafræðum. Umsóknin er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um fjölgun faglærðra starfsmanna við Kerhólsskóla. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja umsækjanda til náms í kennarafræðum skv. lið nr. 1 í reglum sveitarfélagsins. Að auki er samþykkt samhljóða að veita styrk að fjárhæð kr. 150.000 skv. 4. lið reglnanna um kostnað við skólagjöld og til bókakaupa.

4. Afsal vegna Sogsbakka 15, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Árið 2005 seldi sveitarfélagið lóðina við Sogsbakka 15, Grímsnes- og Grafningshreppi til núverandi eigenda lóðarinnar. Lóðin var að fullu greidd árið 2006. Afsal lóðarinnar var ekki gert fyrir en 12. júlí 2018 af núverandi sveitarstjóra, Ingibjörgu Harðardóttur. Sveitarstjórn staðfestir áður nefnt afsal.

5. Viljayfirlýsing CRI.

Fyrir liggur viljayfirlýsing frá Carbon Recycling International vegna verkefnis um nýtingu útblásturs frá Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjun. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur oddvita / sveitarstjóra að óska eftir frekari kynningu fyrir kjörna fulltrúa.

6. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem tilkynnt er um fasteignamat eigna fyrir árið 2019.



Basar í Þingborg 3. nóvember

Kvenfélögin í Flóahreppi standa sameiginlega að basar, sem haldinn verður í Félagsheimilinu Þingborg, laugardaginn 3. nóvember 2018 frá kl. 13.00 -17.00.

Öll innkoma rennur til áhaldakaupa í sjúkrabifreiðar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, en HSU gerir út tíu sjúkrabíla, þar af fjóra hér í Árnessýslu. Við ætlum að kaupa „barkaspegla“, í þrjá vonandi fjóra sjúkrabíla, en það er tæki sem notað er til að hjálpa til með öndun hjá börnum og fullorðnum. Þetta nýja tæki er árangursríkara og öruggara í notkun en þau tæki sem eru til.

Fjölbreytt vandað handverk verður til sölu, ásamt kökubasar og seldar verða vöfflur og kaffi.

Tekið verður við greiðslukortum.

Við hlökkum til að sjá þig.

Kvenfélög Gaulverjabæjarhrepps, Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps.

HAUSTFERÐ

Kvenfélags Grímsneshrepps
laugardaginn
27. október - Óvissuferð

Árleg haustferð kvenfélagsins verður farin
laugardaginn 27. október nk.
Lagt er af stað frá Félagsheimilinu Borg kl. 11.00
og stefnt er að því að heimkoma að Borg
verði á milli kl. 21.00 og 22.00.

Umsjónarkonur með ferðinni í ár eru Erla
Thomsen, Kristín Chadwik, Elsa
Jónsdóttir og Hólmfríður Steinþórsdóttir.
Skráningar þurfa að berast Erlu í síma 893-9984
fyrir mánudaginn 22. okt nk.

Sjáumst sem flestar félagskonur í haustferðinni!



Fyrir liggur bréf frá Margréti Hauksdóttur, forstjóra Þjóðskrár Íslands, dagsett 27. ágúst 2018 um árlegt endurmat allra fasteigna fyrir árið 2019. Fasteignamat eigna í sveitarfélaginu munu hækka um 11,2% og lóða um 11,4% á árinu 2019. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. **Bréf frá Verndarsjóði Skálholtskirkju þar sem óskað er eftir styrk vegna viðgerða á listgluggum kirkjunnar.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Jóni Sigurðssyni, formanni Verndarsjóðs Skálholtskirkju, dags. 25. ágúst 2018 þar sem óskað er eftir styrk vegna viðgerða á listgluggum kirkjunnar. Sveitarstjórn vísar málinu til Oddvitanefndar Laugaráslæknishéraðs.

8. **Afrit af bréfi til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá Félagi hópferðaleyfishafa vegna ólögmætra krafna SASS um rekstrarleyfissviptingu nokkurra hópferðafyrirtækja.**

Fyrir liggur afrit af bréfi til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá Félagi hópferðaleyfishafa, dags. 23. ágúst 2018 vegna ólögmætra krafna SASS um rekstrarleyfissviptingu nokkurra hópferðafyrirtækja. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. **Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem kynntar eru tillögur starfshóps um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi.**

Fyrir liggur bréf frá Mennta- og menningarráðuneyti, dags. 22. ágúst 2018 þar sem kynntar eru tillögur starfshóps um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. **Tölvupóstur frá Hrafnkeli Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins þar sem kynnt eru drög að tillögu til breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 ásamt drögum að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Hrafnkeli Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóra, dags. 23. ágúst 2018 þar sem kynnt eru drög að tillögu til breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 ásamt drögum að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillögurnar.

11. Önnur mál.

a) *Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.*

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að halda áfram með vinnu fyrri sveitarstjórnar við endurskoðun aðalskipulagsins. Vinnufundur sveitarstjórnar vegna endurskoðunarinnar verður mánudaginn 17. september 2018, kl. 10:00.

b) *Frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun.*

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfisstofnun um drög að frumvarpi um nýja stofnun sem ætlað er að hafa með höndum umsýslu allra þjóðgarða á Íslandi og annarra friðlýstra svæða. Sveitarstjórn hvetur ráðuneytið til að endurskoða hugmynd um nýja stofnun og nýta frekar þær stofnanir sem fyrir eru s.s. Umhverfisstofnun og nýta fjármagnið til uppbyggingar og verndunar á svæðunum sjálfum.

c) *Áhersluatriði í stefnumörkun fyrir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

Fyrir liggja drög að stefnumótun Sambandsins 2018-2022 fyrir komandi Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Oddviti falið að taka saman áherslupunkta sveitarstjórnar.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 267. stjórnarfundar 05.07 2018.
 - ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 189. stjórnarfundar 23.08 2018.
 - ✓ SASS. Fundargerð 535. stjórnarfundar 15.08 2018.
 - ✓ Vottunarstofan Tún, aðalfundargerð 22.08 2018.
 - ✓ Vottunarstofan Tún, ársreikningur 2017.
 - ✓ Vottunarstofan Tún, skýrsla stjórnar 2017.
- liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:55

Grímsævintýri 2018



Grímsævintýri 2018



FUNDARGERÐ.

440. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 19. september 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Karl Þorkelsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur

Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ingibjargar Harðardóttur

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári Bergmann Kolbeinsson

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 5. september 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 5. september 2018 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 20. fundar fjallskilaneftar Grímsnes- og Grafningshrepps, 19. ágúst 2018.

Mál nr. 3, 4 og 5 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 20. fundargerð fjallskilaneftar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 19. ágúst 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Stækkun á leitarsvæði.

Fjallskilaneftar óskar eftir að sveitarstjórn haldi áfram viðræðum við Bláskógabyggð um greiðslu fyrir smölun í landi

Bláskógabyggðar, Töglum og Miðfellshrauni. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.

Mál nr. 4: Skáli í Kerlingu.

Fjallskilanevnd óskar eftir að sveitarstjórn setji 5 milljónir í fjárhagsáætlun ársins 2019 til byggingar nýs skála í Kerlingu. Í fjárhagsáætlun ársins 2018 eru 4 milljónir áætlaðar í þessa byggingu og þeir fjármunir ekki verið nýttir ennþá. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að þessar 4 milljónir verði áfram í fjárhagsáætlun ársins 2019.

Mál nr. 5: Breyting á reglugerð fjallskila í Ingólfshólfi.

Fjallskilanevnd óskar eftir að tímasetningu fyrstu leitar í fjallskilasamþykkt í landnámi Ingólfs verði breytt úr 22. viku sumars í 37. viku árs fyrir haustið 2019. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.

b) Fundargerð 162. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 13. september 2018.

Mál nr. 21, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 34 og 35 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 162. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 13. september 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 21: 1809014 - Farbraut 14 L169390: Norðurkot: Farbraut 14a: Stofnun lóðar: Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Ríkarðs Sigmundssonar f.h. RS Import ehf., dags. 28. ágúst 2018 um hvort heimilað verði að skipta upp lóðinni Farbraut 14 í tvo hluta. (Farbraut 14 og Farbraut 14b) Lóðin Farbraut 14, er nú um 7000-7500m² að stærð.

Sveitarstjórn hafnar beiðninni því samkvæmt aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 er ekki heimilt að skipta upp lóðum í þegar byggðum sumarhúsaðverfum.

Mál nr. 22: 1809016 - Björk 1 L211337: Frístundabyggð: Breytt notkun lóðar: Aðalskipulagsbreyting.

Grímsævintýri 2018





Grímsævintýri 2018 – takk fyrir ykkar framlag!

Kvenfélag Grímsneshrepps hélt sín árlegu Grímsævintýri laugardaginn 11. ágúst síðastliðinn. Ævintýrin gengu vel að vanda, því er ekki síst að þakka kröftugum félagskonum, fjölskyldum þeirra og vinum. Dagskráin var fjölbreytt að vanda Leikfélagið Borg sýndi sína útgáfu af ævintýrunum, Bláðrarinn mætti á staðinn og útbjó blöðrufigúrur fyrir börnin og söngflokkurinn Tónafljóð tók ævintýraleg lög. Markaðurinn var á sínum stað, Tintron hélt utan um hoppukastalana og að sjálfsögðu var Tombólan okkar viðfræga í félagsheimilinu. Í ár voru fjöldi vinninga 2.500 stk. og engin núll, þannig að allir fengu skemmtilega eða misskemmtilega vinninga til að taka með sér heim. Allur ágóðinn af Tombólunni rennur til góðra málefna, í ár safnaðist 900.000 kr.

Á haustfundi félagsins var samþykkt að bæta við tæplega 400.000 kr. úr sjóðum félagsins í tilefni þess að félagið verður 100 ára á næsta ári og styrkja Leikskóladeild Kerhólsskóla um fjögur þríhjól og sterk útileikföng í sandkassann, alls að upphæð 200.000 kr. Einnig var samþykkt að styrkja Sjúkraþjálfunardeild Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi um handa- og fótahjól sem er hreyfanlegt og mun nýtast göngudeildinni, sem sér um nýrnaskilunina, en sú deild er búin að bíða lengi eftir slíku hjóli, alls að upphæð tæp 1.200 þús.

Þannig að það má með sanni segja að allir gestir, styrktaraðilar, félagskonur og fjölskyldur þeirra hafi sameinast um að safna fyrir þessum þörfu gjöfum, því segjum við bara einfaldlega – **TAKK fyrir þitt framlag**, hvort sem það var í formi tombóluvinninga, kaup á tombólumiðum, vinnuframlags eða beinum styrk.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá Grímsævintýrum í ár, fleiri myndir má finna á Facebooksíðu Kvenfélagsins.

Sjáumst á Grímsævintýrum 10. ágúst 2019

Fyrir liggur umsókn frá Kristjáni Sverrissyni, f.h. Meltuvinnslunnar ehf., dags. 6. september 2018 um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps og einnig gildandi deiliskipulagi 57 lóða sumarhúsabyggðar í landi Bjarkar I, í þá veru að svæðinu verði breytt í íbúðabyggð.

Sveitarstjórn vísar málinu til vinnu við endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.

Mál nr. 23: 1808038 - Hestur lóð 50 L168559: Fristundabyggð í landi Hests: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Þorleifs Björnssonar f.h. Glóru ehf., dags. 21. ágúst 2018 um að gerð verði óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagsskilmálum fyrir lóðina Hestur lóð 50. Breytingin felst í að í stað 2,7m veggjahæðar frá gólfi í efri brún sperru sé leyfilegt að fara í 3,4m og að leyfilegt verði að vera með þakhalla í 5 gráðum í stað 15-45 gráðum sem núverandi skilmálar gefi til kynna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gerð verði breyting á Hestlandssvæðinu í heild sem gefi þakhalla frjálstan eða 0-45 gráðu halla. Einnig að veggjahæð upp á efri brún sperru verði hækkuð úr 2,7m frá gólfi upp í 3,4m á efri brún sperru. skv. gr. 2.3 í greinargerð skipulagsins. Ofangreindar breytingar koma til viðbótar þeim breytingum sem samþykktar voru af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 15. mars 2007 á skilmálum deiliskipulagsins á gr. 2.3. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 24: 1808044 - Hvítárbraut 13 L169711: Vaðnes: Ný lóð: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Kjartans Hanssonar og Sifjar Hansdóttur, dags. 19. ágúst 2018 um óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagsskilmálum í Vaðnesi fyrir lóð 13. Breytingin felst í að lóðin sem er nú 8700 m² er stækkuð um 1300 m² og henni skipt upp í 13 og 13b og verða þær því 5000 m² hvor. Líður 13 í gildandi skilmálum falli út sem segir að hús megi ekki vera meira en 250 m² að stærð. Í staðinn gildir 0,03 nýtingarhlutfall sem er í gildandi skilmálum.

Sveitarstjórn hafnar beiðninni því samkvæmt aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 er ekki heimilt að skipta upp lóðum í þegar byggðum sumarhúshverfum.

Mál nr. 25: 1808049 - Bildsfell III L170818: Lóð fyrir útihús: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Árna Þorvaldssonar, Bildsfelli III, dags. 21. ágúst 2018 um óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Bildsfell III. Breytingin felur í sér að útbúin er sérstök 3,5 ha lóð utan um byggingarreit fyrir útihús í gildandi deiliskipulagi.

Að mati sveitarstjórnar er breytingin óveruleg og samþykkir hana samhljóða skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á að grenndarkynna breytinguna þar sem ekki er um að ræða aðra hagsmunaaðila.

Mál nr. 26: 1808050 - Vesturhlíð L192153: Vesturhlíð 1: Stofnun lóðar.

Fyrir liggur umsókn Árna Þorvaldssonar, dags. 21. ágúst 2018 um stofnun nýrrar 35 ha lóðar út úr landspildunni Vesturhlíð L192153. Nafnið á nýrri spildu verður Vesturhlíð 1. Aðkoma að lóðinni er frá Grafningsvegi og eru tvær tillögur að aðkomunni sýndar á tveimur lóðablöðum. Samhlíða er óskað eftir vegtengingu inn á upprunalandið Vesturhlíð L192153 frá Grafningsvegi skv. lóðablaði, þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðkoma að landinu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða stofnun lóðarinnar með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar fyrir vegtengingu að nýrri lóð. Ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Þá eru ekki gerðar athugasemdir við vegtengingu að upprunalandinu með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar.

Mál nr. 27: 1808053 - Nesjar L170897: Tjarnarlaut 4: Breytt afmörkun, stærð og heiti lóðar.

Fyrir liggur umsókn Einars S. Ingólfssonar, dags. 23. ágúst 2018 um staðfestingu á afmörkun og breytingu á stærð og heiti lóðarinnar Nesjar L170897. Heiti lóðarinnar verði Tjarnarlaut 4 í stað Nesjar. Stærð lóðar breytist úr 1.000 m² í 2.800 m² skv. nákvæmari mælingu. Þá er óskað eftir að ekki verði gerðar athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðarlaga. Jafnframt liggur fyrir samþykki landeigenda upprunalsins, lóðarhafa Tjarnarlautar 4 og lóðarhafa aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðamarka.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á skráningu lóðar

Tómstundastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir foreldri / forráðamanni barna á aldrinum 6 - 18 ára styrk vegna íþrótt- og tómstundaiðkunar. Til að unnt sé að nýta tómstundastyrkina þarf að vera um að ræða skipulagt starf sem er stundað undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir að lágmarki 6 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar og skátastarf.

Tónlistarnám á vegum Tónlistarskóla Árnesinga og líkamsræktarkort falla ekki undir styrkveitingu.

Skilyrði fyrir veitingu tómstundastyrkja

- Að styrkþegi hafi lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 6 - 18 ára.
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða í a.m.k. 6 vikur hverja önn.
- Staðfesting á greiðslu/kvittun fylgi umsókn vegna tómstundastyrkja. Á greiðslukvittun komi eftirfarandi fram: Nafn og kennitala félags, dags. greiðslu, fyrir hvað er verið að greiða, æfingatímabil, nafn og kennitala iðkenda.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en sem nemur æfingagjaldi/ þátttökugjaldi viðkomandi íþrótt- eða tómstundagreinar.
- Tómstundastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem styrkþegi stundar íþrótt/ tómstundir.

Styrkur getur orðið allt að 20.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 40.000 kr. á ári.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Grímsnes- og Grafningshreppi 6. desember 2017
Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri

Nemendastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir nemendum á aldrinum 15 – 20 ára styrk til framhaldsnáms.

Skilyrði fyrir veitingu nemendastyrkja:

- Að styrkþegi hafi lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 15 - 20 ára.
- Vottorði um staðfestingu á skólavist frá viðkomandi skóla sé skilað til skrifstofu sveitarfélagsins á netfangið gogg@gogg.is
- Nemendastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á þeirri önn sem styrkþegi stundar nám.

Styrkur getur orðið allt að 40.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 80.000 kr. á ári.

Grímsnes- og Grafningshreppi 20. desember 2017

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



miðað við fyrirliggjandi gögn og ekki eru gerðar athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 28: 1808052 - Nesjar lóð L170912: Uglukot: Breytt afmörkun, stærð og heiti lóðar.

Fyrir liggur umsókn Einars S. Ingólfssonar, dags. 23. ágúst 2018 um staðfestingu á afmörkun og breytingu á stærð og heiti lóðarinnar Nesjar L170912. Óskað er eftir að lóðin fái heitið Uglukot. Stærð lóðar breytist úr 4.300 m² í 4.625 m². skv. nákvæmari mælingu. Þá er óskað eftir að ekki verði gerðar athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðarlaga. Jafnframt liggur fyrir samþykki landeigenda og lóðarhafa lóðarinnar á hnitsettri afmörkun ásamt áður samþykktum hnitsettum lóðablöðum fyrir aðliggjandi lóðir.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur skipulagsfulltrúa að óska eftir rökstuðningi fyrir heiti lóðarinnar.

Mál nr. 29: 1808054 - Nesjar L170909: Tjarnarlaut 3: Breytt afmörkun, stærð og heiti lóðar.

Fyrir liggur umsókn Einars S. Ingólfssonar, dags. 23. ágúst 2018 um staðfestingu á afmörkun og breytingu á stærð og heiti lóðarinnar Nesjar L170909. Heiti lóðarinnar verður Tjarnarlaut 3 í stað Nesjar. Stærð lóðar breytist úr 2.500 m² í 2.755 m² skv. nákvæmari mælingu. Þá er óskað eftir að ekki verði gerðar athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðarlaga. Jafnframt liggur fyrir samþykki landeigenda upprunalsins og lóðarhafa Tjarnarlautar 3 ásamt umsókn landeigenda og lóðarhafa L170897 (Tjarnarlaut 4) um staðfestingu á afmörkun lóðarinnar með hnitsettu lóðarblaði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða afmörkun og breytingu á skráningu lóðarinnar með fyrirvara um samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðarmarka. Ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. jarðalaga.

Mál nr. 30: 1808043 - Björk 2 (L201555): Umsókn um byggingarleyfi: Reiðskemmu.

Fyrir liggur umsókn frá Ingibjörgu Harðardóttur og Birni Snorrasyni, dags. 22. ágúst 2018 um byggingarleyfi til að byggja reiðskemmu, 480,0 m², á jörðinni Björk 2 (L201555) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir reiðskemmu á jörðinni Björk 2. Jafnframt liggur fyrir undirritun nágretta að Björk 1 þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við áætlaða framkvæmd.

Mál nr. 34: 1808001F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 84.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 8. ágúst 2018.

Mál nr. 35: 1808004F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 85.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. ágúst 2018.

- c) **Fundargerð 28. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 4. september 2018.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- d) **Fundargerð stjórnar Laugaráslæknishéraðs, 13. september 2018.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Tónlistarskóli Árnesinga, viðbótar framlag.

Lögð fram fyrirspurn Helgu Sighvatsdóttur, skólastjóra Tónlistarskóla Árnesinga þar sem óskað er eftir auknum kennslukvóta fyrir 2-3 nemendur. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að bæta við 1,5-2,5 klst. í tónlistarnám.

4. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna.

Kynnt er að fjármálaráðstefna sveitarfélaganna verður haldin á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík 11. og 12. október n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fimm fulltrúar úr sveitarstjórn eigi kost á að fara á ráðstefnuna.


5. Bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga vegna Árþings

Saumakompan

Fataviðgerðir,
gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**



Ertu með frábæra hugmynd?

opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð



UPPBÝGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki á sviði nýsköpunar og menningar á Suðurlandi.

Markmið Uppbyggingarsjóðs Suðurlands:

- Að styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs og jákvæða samfélagsþróun á Suðurlandi
- Að efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi
- Að styðja við atvinnuskapandi og/eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi

Umsækjendur eru hvattir til að hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð og leiðbeiningar við gerð umsókna. Hægt er að hafa samband í síma 480 8200 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið styrkir@sudurland.is

Allar umsóknir þurfa að berast rafrænt í gegnum vefinn www.sass.is

Umsækjandi þarf að skrá sig inn á umsóknarformið með íslykli eða með rafrænum skilríkjum. Ef sótt er um í nafni lögaðila s.s. fyrirtækis, stofnunnar eða félagsamtaka þarf viðkomandi lögaðili að sækja um styrk á íslykli eða rafrænum skilríkjum þess lögaðila.

Starfandi fyrirtæki eru sérstaklega hvött til að sækja um styrk vegna nýsköpunarverkefna.

Upplýsingar um úthlutunarreglur, leiðbeiningar við gerð umsókna og viðmið við mat á umsóknum er að finna á www.sass.is

SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, dagsett 13. september 2018 þar sem greint er frá því hvar og hvenær Ársþings SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands verður. Ársþingin verða í Hvergerði, dagana 18. og 19. október n.k. Sveitarfélagið á tvo fulltrúa á þinginu en öllum sveitarstjórnarmönnum er heimilt að sækja þingið. Fulltrúar Grímsnes- og Grafningshrepps verða Björn Kristinn Pálmarsson og Smári Bergmann Kolbeinsson.

6. Félagsmiðstöðin Zetor, samantekt á starfi veturinn 2017-2018.

Fyrir liggur samantekt á starfi Félagsmiðstöðvarinnar Zetor fyrir veturinn 2017-2018. Samantektin lögð fram til kynningar.

7. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Kerbyggð 13, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 10. september 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Kerbyggð 13, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnassýslu.

8. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Kerbyggð 15, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 10. september 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Kerbyggð 15, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnassýslu.

9. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Kerbyggð 17, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 10. september 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs

gististaðar í flokki II í Kerbyggð 17, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Arnessýslu.

9. Bréf frá Íbúðalánasjóði vegna þátttöku í tilraunaverkefni um uppbyggingu í húsnæðismálum á landsbyggðinni.

Fyrir liggur bréf til Íbúðalánasjóði, dags. 11. september 2018 þar sem leitað er eftir sveitarfélögum til að taka þátt í tilraunaverkefni um uppbyggingu í húsnæðismálum á landsbyggðinni. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá Maríu Rúnarsdóttur, formanni Félagsráðgjafafélags Íslands vegna breytinga á lögum um félagsþjónustu nr. 40/1991.

Fyrir liggur bréf frá Maríu Rúnarsdóttur, formanni Félagsráðgjafafélags Íslands, dags. 6. september 2018 þar sem vakin er athygli á breytingum á lögum um félagsþjónustu nr. 40/1991, 18. gr. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Tölvupóstur frá Einari Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsverði þar sem óskað er eftir umsögn og athugasemdum sveitarfélagsins við endurskoðaðri stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Einari Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsverði, dags. 7. september 2018 þar sem óskað er eftir umsögn og athugasemdum sveitarfélagsins við endurskoðaðri stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 268. stjórnarfundar 22.08 2018.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 269. stjórnarfundar 13.09 2018.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 862. stjórnarfundar, 31.08 2018.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:00



Kynningarkvöld hjá Hjálparsveitinni Tintron

Ert þú 14 ára eða eldri og langar að vera partur af stærstu sjálfbóðaliðasamtökum landsins ?

Þá höfum við hlutverk handa þér. Ef þetta er eitthvað sem þig langar að kynna þér, þá verður opið hús hjá okkur

miðvikudagskvöldið 10. okt. kl 20:00 að Borg í Grímsnesi.

Ef þú kemst ekki þá, ekkert mál þar sem við erum alltaf með opið hús öll miðvikudagskvöld kl 20:00.



Sími 899-2910 

Sept/okt 2018

www.pizzavagninn.is

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
20. sept	21. sept Brautarholt 18:00-20:30	22. sept Reykholt 18-21
27. sept Laugarvatn 18:00-20:30	28. sept Flúðir 18-21	29. sept Lokað í dag
4. okt	5. okt Árnes 18:00-20:30	6. okt Reykholt 18-21
11. okt Laugarvatn 18:00-20:30	12. okt Flúðir 18-21	13. okt Borg 18:00-20:30